

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á sóttvarnalögum, nr. 19/1997, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Við 1. gr. bætist nýr liður, b-liður, svohljóðandi: Við bætist ný málsgrein er orðast svo:
Sóttvarnalæknir skal fá afhentar upplýsingar úr lyfjagagnagrunni landlæknis skv. 27. gr. lyfjalaga og frá heilbrigðisstofnunum til að halda skrá um sýklalyfjanotkun. Upplýsingarnar skulu vera ópersónugreinanlegar.
2. Á eftir 2. gr. kemur ný grein, svohljóðandi:
Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:
Forstöðumönnum heilbrigðisstofnana er skylt að senda sóttvarnalækni upplýsingar um magn sýklalyfja sem notað er á viðkomandi stofnun skipt eftir deildum þar sem það á við.